

Ed.

59. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Flm.: Pétur Magnússon, Einar Árnason, Þorsteinn Briem, Þorst. Þorsteinsson,
Magnús Guðmundsson, Bernh. Stefánsson.

1. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist:

Heimilt skal þó stjórn Kreppulánasjóðs að verja allt að 100000 kr. af reiðufé sjóðsins til greiðslu hluta af þeim kröfum, sem lánsstofnanir eða einstakir

menn eignast á ábyrgðarmenn lántakenda úr Kreppulánasjóði, vegna þess að kröfurnar fást ekki greiddar að fullu úr sjóðnum, gegn því, að ábyrgðarkröfurnar séu látnar niður falla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og ná ákvæði þeirra jafnt til þeirra krafna, sem til eru orðnar fyrir gildistöku laganna, og þeirra, er síðar kunna að verða til.

Greinargerð.

Í Kreppulánasjóði hafa nú verið afgreiddir yfir 1600 skuldaskilasamningar, og nema eftirgjafir, sem þessir 1600 lántakendur hafa fengið á skuldum sínum, samtals um 3,5 millj. kr. Ef allt fer með felldu, má vænta þess, að þorra þessara manna reynist kleift að standa undir skuldbindingum sínum, fyrir þá hjálp, sem þeim hefir veitt verið.

Fjölmargar þeirra skulda, er niður hafa verið færðar í Kreppulánasjóði, hafa verið tryggðar með ábyrgðum. Skuldaskilasamningur leysir aðalskuldara undan greiðslu þeirra skulda. En réttur skuldareiganda til að krefjast greiðslu af ábyrgðarmanni — eða mönnum — helzt óbreyttur, samkv. 15. gr. kreppulánasjóðslaganna. Jafnaðarlega mun það nú reynast svo, að ábyrgðarmenn þessir eiga fullt í fangi með að inna af hendi sínar eigin greiðslur. Ættu þeir að bæta á sig greiðslu á annara skuldum, mundi afleiðing þess verða sú, að þeir kæmst í fjárþrot og yrðu þá annaðhvort sjálfir að leita kreppuhjálpar eða flosna upp. Þeir mundu svo stundum draga aðra með sér niður í fenið, og gæti enginn séð fyrir endann á því öngþveiti, er af slíkri aðferð mundi leiða.

Hér verður að ráða bót á. Síðan þing kom saman hafa ýmsir þingmenn átt tal saman um þetta mál. Um eitt hafa allir verið sammála, að hér þyrfti bráðra aðgerða við. Hitt hafa verið nokkuð skiptar skoðanir um, hverja leið skyldi velja. Sumir hafa jafnvel viljað ógilda umræddar ábyrgðir með lagasetningu. Sú leið virðist þó ýmsra ástæðna vegna ófær. Flestum hefir þótt eðlilegra að fara hina leiðina, að verja nokkru fé til að ná samkomulagi við skuldareigendur um niðurfall ábyrgða. Á að mega vænta þess, að skuldareigendur, að minnsta kosti opinberar lánsstofnanir, sýni fyllstu lipurð í slíkum samningum. Það mun verða óvinsælt verk að elta ábyrgðarmennina með málsóknum og aðför, og oft óvist um eftirtekjuna.

Það má nú telja alveg vist, að af reiðufé því, sem Kreppulánasjóði er ætlað (2500000 kr.), verði nokkur afgangur. Til þess nú að koma í veg fyrir, að ríkissjóður þyrfti að hafa bráð útgjöld vegna greiðslna upp í margnefndar ábyrgðir, hefir flutningsmönnum þessa frumvarps hugkvæmzt að velja þá leiðina, að nokkrum hluta þessa afgangsfjár yrði varið í þessu skyni. Að visu má búast við, að greiðslan lendi að síðustu á ríkissjóði, því mjög er hætt við, að Kreppulánasjóður eigi fullt í fangi með að standa undir eigin skuldbindingum. En það dreifist þá á langt árabíl og ætti að verða lítt tilfinnanlegt.

Það skal fram tekið, að fjárhæð sú, sem nefnd er í frv., er sett eftir ágizkun. Rannsókn mun fram fara á því, hverju ábyrgðarkröfurnar nema, og verður greiðsluheimildin að sjálfsögðu að lagast eftir niðurstöðu þeirrar rannsóknar.

Nánari grein verður gerð fyrir frv. í framsögu.